

**Ed.**

**259. Frumvarp til laga**

[132. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. des.)

**1. gr.**

2. málsgrein 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968 og l. nr. 58/1972, orðist þannig:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vitavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði:**

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

**1. Dánarbætur:**

- a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

**2. Slysadagpeningar og örorkubætur:**

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.